

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8 Pósthólf 125
212 Garðabær



Vestmannaeyjum 19. maí 2017
UST201704-214/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um rannsóknaleyfi - Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 27. apríl 2017 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar fyrir árlegan leiðangur vísindamanna 17.-20. júlí 2017.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins, nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Unnið verður að eftirfarandi verkefnum í leiðangrinum 2017: Almennar athuganir á plöntum og fuglum, kortlagning á útbreiðslu háplantna og landnámi nýrra tegunda, skordýra- og fuglarannsóknir, mælingar á rofi og útbreiðslu jarðhita í eyinni, mælingar á líffræðilegri virkni gróðurs og jarðvegs í föstum mælireitum og jarðfræðirannsóknir. Hluta tímans munu tveir starfsmenn Veðurstofunar verða í eyjunni til að sinna viðhaldi veðurstöðvar. Gert er ráð fyrir að þeir þurfi 1-2 daga til að sinna henni. Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila dagana 17.-20. júlí. Með í för verður starfsmaður friðlandsins Þórdís V. Bragadóttir.


- **Borgþór Magnússon, NÍ, leiðangursstjóri**, almennar athuganir á plöntum og fuglum
- Pavel Wasowicz, NÍ, kortlagning á útbreiðslu háplantna og landnámi nýrra tegunda
- Erling Ólafsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum og fuglum,
- Matthías Alfreðsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum
- Kristján Jónasson, NÍ, mælingar á rofi og útbreiðslu jarðhita í eyinni
- Lovísa Ásbjörnsdóttir, NÍ, mælingar á rofi og útbreiðslu jarðhita í eyinni
- Bjarni D. Sigurðsson, LBHÍ, mælingar á virkni gróðurs og jarðvegs í föstum reitum, jarðvegsrannsóknir
- Sune Linder, prófessor við Sænska lanbúnaðarháskólann í Uppsölum, mælingar á virkni gróðurs og jarðvegs í föstum reitum, jarðvegsrannsóknir
- Vilhjálmur S. Þorvaldsson, Veðurstofa Íslands, viðhald á veðurstöð (1-2 dagar)
- N.N., aðstoðarmaður, Veðurstofa Íslands, viðhald á veðurstöð, (1-2 dagar)


Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun

lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar sem samþykkt var 2014 fer Umhverfisstofnun fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur